

65. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 8. nóvember 2012, kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson, Indriði Þórsoddsson, Nanna S. Höskuldsdóttir, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 25.10.2012

Lög fram til kynningar.

2. Fundargerð umhverfis og skipulagsnefndar dags. 26.10.2012

Sveitarstjóri benti á að liðir 1, 5 og 6 í fundargerðinni verði bornir upp sérstaklega.

Liður 1 í fundargerð lagður til samþykktar og samþykktur samhljóða

Liður 5. Bókun umhverfisnefndar:

Vegna yfirferðar Skipulagsstofnunar á tillögunni hefur þess verið óskað að Langanesbyggð svari athugasemd nr. 22 í bréfi Guðmundar Vilhjálmssonar til sveitarfélagsins dagsettu 21. júní 2012 þar sem hann mótmælir fyrirhugaðri tengibraut fyrir norðan athafnasvæðið við Stórholt og Háhlolt. Rök Guðmundar eru eftirfarandi:

- A) Ekki er þörf fyrir veginn
- B) Búið er að planta víðirunnum í fyrirhugað vegstæði
- C) Vegurinn er kominn inn á eignarland Syðra-Lóns
- D) Betra væri að láta fyrirhugaðan veg tengjast Langholti

Svör við athugasemdum:

- A) Tillaga að Aðalskipulagi Langanesbyggðar er langtímaáætlun sem nær til ársins 2027. Á skipulagstímanum er gert ráð fyrir umtalsverðri fjölgun íbúa í sveitarfélaginu m.a. á Þórshöfn. Umrædd tengibraut mun þjóna mikilvægu hlutverki í skipulagi þéttbýlisins ef uppbygging og fjölgun íbúa verður með þeim hætti sem stefnt er að í skipulagstillögunni.
- B) Með lagningu tengibrautarinnar verður tillit tekið til gróðurs í vegstæðinu. Ef þar verða fyrir stór eða verðmæt tré eða runnar, í víðri merkingu þess orðs, þá verður leitast við að flytja þann gróður á hentugra svæði. Minnt er á að í aðalskipulagstillögunni er lögð áhersla á að skapa aðlaðandi og skjólsæl útivistarsvæði við þéttbýlið á Þórshöfn m.a. með gróðursetningu trjáa og runna.
- C) Samkvæmt skipulagsupprætti af Þórshöfn sem er hluti af aðalskipulagstillögunni er fyrirhuguð tengibraut fyrir utan eignarland Syðra-Lóns en alfarið innan marka þéttbýlisins Þórshafnar. Minnt er á fyrra svar nefndarinnar vegna athugasemda um legu landamerkja.
- D) Ekki þykir ráðlegt að láta fyrirhugaða tengibraut liggja frá Langholti. Með þeim hætti myndi hún kljúfa fyrirhugaða íbúasvæði með tilheyrandi óþægindum og hættum fyrir íbúa.

Liður 5 lagður til samþykktar. 6. sveitarstjórnarmenn samþykktu tillöguna en 1 sat hjá. Sveitarstjóra falið að koma svörunum til Guðmundar.

Liður 6 í fundargerðinni

Samþykktir um gatnagerðagjöld, stofngjald fráveitu, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Langanesbyggð.

I. KAFLI

Almennt

1.gr.

Almenn heimild

Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum í sveitarfélaginu Langanesbyggð skal greiða byggingarleyfisgjald og afgreiðslu og þjónustugjöld skv. samþykkt þessari í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010. Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum í þéttbýli í sveitarfélaginu Langanesbyggð skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt samþykkt þessari, sbr. 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006. Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda tengigjald holræsa skv. lögum um hollustuhætti og mengunar varnir nr. 7/1998. Gjöld vegna framkvæmdaleyfa og skipulagsvinnu eru lögð á skv. heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fjárhæðir í samþykkt þessari taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins 180.036 kr./fm, byggingarvísitala 114,9 stig í okt. 2012

II. KAFLI

Gatnagerðargjald

2.gr

Ráðstöfun gatnagerðargjalds

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja. Tengi- og heimæðargjöld aðveitna og fráveitu eru innheimt sérstaklega og ekki innifalin í gatnagerðargjaldi.

3.gr.

Gjaldstofn gatnagerðargjalds

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna nýrra bygginga og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð. Gjaldstofninn er ákveðinn á eftirfarandi hátt:

- a. Þegar sveitarfélagið úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð er gatnagerðargjald lagt á í samræmi við fermetrafjöld þeirrar byggingar sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
- b. Þegar gatnagerðargjald verður ekki lagt á skv. a-lið, eða ef byggingarleyfi er veitt fyrir stærri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, er við útgáfu byggingarleyfis lagt á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjöld þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

Við álagningu skv. b-lið 2. mgr. skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum og ÍST 50.

4. gr.

Útreikningur gatnagerðargjalds

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Þessi byggingarkostnaður er í okt. 2012, 180.036 kr/m².

Allar fjárhæðir í þessari samþykkt taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins. Gjaldskráin gildir jafnt fyrir leigulóðir og eignarlóðir þar sem sveitarfélagið stendur að gatnagerð. Gjöld upp talin í þessari grein hér að neðan gilda á Þórshöfn og Bakkafirði.

Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

	<i>Lágmarksgjald</i>		
Einbýlishús með eða án bílgeymslu	8,5%	kr. 3.725.000	
Parhús með eða án bílgeymslu	7,5%	kr. 2.980.000	á íbúð
Raðhús með eða án bílgeymslu	7,0%	kr. 2.682.000	á íbúð
Fjölbýlishús með eða án bílgeymslu	4,0%	kr. 2.235.000	á íbúð
Versl.-þjónustu, iðnaðar og annað húsn.	3,5%	kr. 3.725.000	
Hesthús og önnur gripahús í þéttbýli	2,0%	kr. 1.490.000	

Lágmarksgjald skv. 1. mgr. skal aldrei vera hærra en sem nemur 15% af byggingarkostnaði fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni skv. útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breyttri notkun húsnæðis þannig að hún færir í hærri gjaldflokk sbr. 1. mgr. skal greiða gatnagerðargjald sem svarar til mismunar hærri og lægri gjaldflokksins. Lóðarhafi eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færir í lægri gjaldflokk við slíka breytingu.

5. gr

Undanþágur frá greiðslu gatnagerðargjalds

Undanþegar greiðslu gatnagerðargjalds eru eftirtaldar byggingar:

- Lagnakjallarar og aðrir gluggalausir kjallarar, sem aðeins er gengið í innan frá.
- Óeinangruð smáhýsi, minni en 12 fermetrar, fyrir stærri garðhús er greitt sama gatnagerðargjald og fyrir hesthús.
- Sameiginlegar bifreiðageymslur fyrir þrjár eða fleiri bifreiðir.

6. gr.

Heimild til lækkunar eða niðurfellingar gatnagerðargjalds

Sveitarstjórn getur lækkað eða fellt niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður sbr. ákvæði 6. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

7. gr.

Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld

Um samninga um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við sveitarfélagið Langanesbyggð fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld, sem sveitarstjórn hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi og lóðareigandi hefur undirgengist, fer eftir gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Langanesbyggð frá 25. janúar 2008.

8.gr.

Áfangaskipti framkvæmda.

Í þeim tilvikum þegar lóðarhafi hyggist byggja hús, annað en íbúðarhús, í áföngum, getur bæjarstjórn heimilað slíka áfangaskiptingu og þá skal gatnagerðargjald hverju sinni greiðast samkvæmt þeirri samþykkt sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í lóðarumsókn að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum og hvenær hann hyggst hefja framkvæmdir á sérhverjum byggingaráfanga.

Verði heimiluð áfangaskipti falla áætluð gjöld í gjalddaga við upphaf hvers byggingaráfanga í samræmi við áform lóðarhafa við úthlutun lóðarinnar.

III. kafli

Tengigjald fráveitu.

9.gr

Stofngjald

Stofngjald holræsa fyrir tengingu er kr. 176.000 pr. tengingu við við fráveitukerfi sveitarfélagsins.

IV. KAFLI

Byggingarleyfisgjöld

10.gr

Flokkun bygginga og gjaldskrá

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða byggingarleyfisgjald fyrir útgáfu á byggingarleyfi.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er ein yfirferð aðaluppdráttu, byggingarleyfi, útmæling fyrir greftri, útmæling og hæðarsetning fyrir uppslætti og útsetning lóðar, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fohheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

Fyrir byggingarleyfi nýrra húsa, viðbygginga, breytinga húsa, verulegra breytinga innan lóða og samþykki fyrir breyttri notkun greiðist fast gjald kr 37.716. Að auki greiðist fyrir hvern fermetra nýbygginga og viðbygginga skv. eftirfarandi:

Íbúðarhúsnæði, bílskúrar, hótél, verslanir, skrifstofur	kr. 353 per m ²
Iðnaðarhús, verkstæði, virkjanir	kr. 288 per m ²

Gripahús, hlöður, vélageymslur, tankar, ker, þrær o.s.frv.

kr. 224 per m²

Frístundahús, veiðihús, fjallaskálar o.s.frv.

kr. 641 per m²

V. KAFLI

Gjöld vegna framkvæmdaleyfa og skipulagsvinnu

11.gr

Gjöld vegna framkvæmdaleyfa

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða gjald fyrir veitingu framkvæmdaleyfa vegna þeirra framkvæmda sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir. Gjaldið má ekki vera hærri upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins auk kostnaðar við tilheyrandi eftirlit með framkvæmdum. Lágmarksgjald vegna veitingar framkvæmdaleyfis er kr. 90.000. Innifalið í framkvæmdaleyfisgjaldi er kostnaður bæjarins vegna útgáfu og undirbúnings leyfisveitingar auk kostnaðar við eftirlit.

12.gr

Gjöld vegna skipulagsvinnu

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða gjald fyrir grenndarkynningar og deiliskipulagsbreytingar eins og hér greinir.

- | | | |
|--|-----|----------|
| • Umfangslítill grenndarkynning vegna byggingarleyfis | kr. | 19.300- |
| • Almenn grenndarkynning vegna byggingarleyfis | kr. | 30.000- |
| • Lítil breyting á deiliskipulagsuppdraetti eða lóðarblaði | kr. | 65.000- |
| • Grenndarkynning vegna breytingar á deiliskipulagi | kr. | 30.000- |
| • Afgreiðsla deiliskipulagsbreytingar skv. 2. mgr. 43. gr. | kr. | 90.000- |
| • Afgreiðsla deiliskipulagsbreytingar skv. 1. mgr. 43. gr. | kr. | 120.000- |
| • Afgreiðsla nýs deiliskipulags skv. 40. og 41. gr. | kr. | 120.000- |

Greitt er fyrir hvern þann lið hér að ofan sem sveitarfélagið þarf að vinna við fullnaðarafgreiðslu deiliskipulags eða deiliskipulagsbreytingar. Afgreiðslur hér að ofan innifela kostnað við umfjöllun sveitarfélagsins auk auglýsinga um kynningu skipulagsins og gildistöku.

Landeigandi eða framkvæmdaaðili getur óskað eftir því við bæjarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað. Um ferli slíks deiliskipulags fer skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga.

VI. KAFLI

Afgreiðslu- og þjónustugjöld

13. gr.

Gjaldskrá

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingu sem byggingarfulltrúi veitir umfram þá sem innifalin er í byggingarleyfisgjaldi.

• Hver endurskoðun aðaluppdráttar	kr.	19.300-
• Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga	kr.	19.300-
• Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	kr.	19.300-
• Vottorð vegna vínveitingaleyfa	kr.	19.300-
• Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	kr.	19.300-
• Gjald fyrir lóðarúthlutun	kr.	96.200-
• Gjald fyrir framlengingu lóðarúthlutunar	kr.	38.500-
• Fyrir breytingu á lóðarsamningi	kr.	19.300-
• Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	kr.	19.300-
• Húsaleiguúttektir	kr.	19.300-
• Útkall byggingarfulltrúa að óþörfu	kr.	19.300-
• Afgreiðsla stöðuleyfis	kr.	19.300-
• Fyrir hverja auka útsetningu lóðar/húss; pr.mælingu	kr.	19.300-
• Ljósritun: A4: 140 kr per blað, A3: 280 kr/per blað		

VII. KAFLI

Greiðsluskilmálar, lögveðsréttur og endurgreiðslur

14. gr.

Greiðsluskilmálar

Gatnagerðargjöld (skv. 4. gr.), tengigjöld fráveitu (skv. 9. gr.) og byggingarleyfisgjöld (skv. 10. gr.) skal greiða innan mánaðar frá veitingu byggingarleyfis í bæjarstjórn, ella öðlast leyfi ekki gildi.

Heimilt er að semja um greiðslufrest og skal það gert skv. sérstökum greiðslusamningi. Gjöld vegna skipulagsvinnu skv. 12. gr skal greiða áður en gildistaka skipulags er auglýst. Þjónustugjöld skv. 13. gr. skal greiða innan mánaðar frá því að þjónustan var veitt.

15.gr.

Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðsréttur.

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveð og aðfararveði.

16. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds

Gjöld samkvæmt 4. og 9. gr. gjaldskrár þessarar skulu endurgreidd ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð. Hafi útsetning skv. byggingarleyfi ekki farið fram og framkvæmdir ekki hafist getur umsækjandi fengið helming byggingarleyfisgjalda skv. 10. gr.

endurgreiddan. Þar með fellur byggingarleyfi niður. Endurgreiðslu vegna 4.9. og 10. gr. er heimilt að fresta þar til lóð hefur verið úthlutað að nýju og en þó ekki lengur en í sex mánuði. Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnveðri án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógildar á sannanlegan hátt. Ekki koma til bætur vegna hugsanlegra framkvæmda á lóðinni.

Gjöld vegna skipulagsvinnu skv. 12. gr. og þjónustugjöld samkvæmt 13. gr. eru óendurkræf.

Um endurgreiðslu fer að öðru leyti skv. 9. gr. laga um gatnagerðargjald nr.153/2006.

VIII. KAFLI

Gildistaka

17. gr.

Samþykktin er samþykkt af Sveitarstjórn Langanesbyggðar, 8. nóvember 2012 skv. heimild í lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald, skipulagslögum nr. 123/2010, lögum um mannvirki nr. 160/2010 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Samþykktin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um gatnagerðargjöld sem samþykkt var í sveitarstjórn Langanesbyggðar 25. janúar 2008.

Gjaldskrá vatnsveitu Langanesbyggðar.

Vatnsveita Langanesbyggðar.

1. gr.

Fjárhæðir í samþykkt þessari taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði. Byggingarvísitala 114,9 stig í okt. 2012

Vatnsgjald Vatnsveitu Langanesbyggðar er 0,30% af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði og annað húsnæði sem tengt er vatnsveitunni sem ákveðið er að sveitarstjórn ár hvert.

2. gr.

Notkunargjald skv. 13. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, skal vera 34 krónur á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla samanber 14 gr. fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og fer eftir sverleika heimæðar. Leigugjald skal greiða árlega og vera sem hér segir:

< 50 mm sverleiki 4.000 kr

50-100 mm sverleiki 10.000 kr

>100 mm sverleiki 20.000 kr

Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi.

4. gr.

Heimæðargjald skal taka mið af gerð stærð og lengd heimæðar samkvæmt lögum nr. 32/2004 Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Langanesbyggðar.

Pvermál inntaks Fastagjald Metragjald

32 mm	45.000 kr	500 kr
40 mm	60.000 kr	600 kr
50 mm	75.000 kr	700 kr
63 mm	90.000 kr	800 kr
75 mm	105.000 kr	900 kr
90 mm	120.000 kr	1.000 kr

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm verður reiknað sérstaklega af tæknideild Langanesbyggðar

Aukakostnaður: Vanti ídráttarrör eða að ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 5.500 kr/m vegna skurðgraftar og ídráttarrörs.

5. -gr.

Gjaldskrá Vatnsveitu Langanesbyggðar er samin á grundvelli laga um vatnsveitur nr. 32/2004 og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og tekur þegar gildi.

Nokkur umræða var um samþykktir og gjaldskrá.

Liður 6 samþykktur samhljóða með smávægilegum breytingum.

Aðrir liðir í fundargerð lagðir fram til kynningar.

3. Fundargerð fræðslunefndar dags. 29.10.2012

Lögð fram tilkynningar.

4. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 26.10.2012

Lögð fram tilkynningar

5. Fundargerðir Eypings nr.233, 234 og 235

Lagðar fram tilkynningar

Siggeir sagði frá fyrsta vinnufundi 7 manna nefndar Eypings.

6. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir að ekki væri búið að gera drög að reglum um útleigu á húsnæði í eigu Langanesbyggðar varðandi aldurtakmark á almennum dansleikjum þar sem áfengi er haft um hönd.

Lagt til að formenn Vímuvarnarráðs og íþróttá og tómsbundanefnd Langanesbyggðar ásamt skrifstofustjóra Langanesbyggðar vinni að sameiginlegum reglum varðandi útleigu á

húsnæði Langanesbyggðar til almennra dansleikja og skili af sér minnisblaði fyrir næsta sveitastjórnarfund.

Í lögum um veitingarstaði, gististaði og skemmtanahald segir:

„**5. gr.** Dvöl ungmenna á veitingastöðum.

Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 22 á kvöldin og fram til lokunar staðarins nema í fylgd með foreldrum sínum, öðrum forráðamönnum, ættingjum eða maka, 18 ára eða eldri. Dyraverðir, eftirlitsmenn, framreiðslumenn og/eða aðrir sem ábyrgð bera á rekstri staðarins skulu láta ungmenni er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 22 að kvöldi, án framangreindrar fylgdar, sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt enda sé ástæða til að ætla að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.“

Sveitarstjóra falið að koma þeim skilaboðum till nefndarinnar sem stendur að smalabitanum að passa upp á að framfylgja því sem stendur í 5. gr. um Dvöl ungmenna á veitingarstöðum í Lögum um veitingarstaði, gististaði og skemmtanahald, 2007 nr 85 29. mars.

Sveitarstjóri sagði frá því að verið væri að vinna í erindisbréfum og verður nefndin kölluð saman fljótlega til að fara yfir erindisbréfin.

Sveitarstjóri sagði frá því að í vikunni hafi hann fundað með skipulagsstofnun og starfsmönnum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu vegna aðalskipulags.

Reimar yfirlög fundinn kl 19:05.

Nefndarfundir voru ræddir. Ljóst að sumar nefndirnar eru að funda sjaldan. Ákveðið að senda bréf á formenn nefndanna og vekja athygli á þessu.

Sveitarstjóri kynnt að verið er að vinna í tilboðum í heimasíðugerð og skjalavörslukerfi. Lagt til að kaupum á kerfi vegna upptöku sveitarstjórnarfundar verði frestað.

7. **Bréf frá skipulagsstofnun dags. 18.10.2012**

Í bréfi frá skipulagsstofnun er verið að benda á nokkur atriði sem þarf að lagfæra og/eða skoða nánar, sveitarstjóri sagði frá því að verið væri að vinna í því. Bréfið lagt fram til kynningar

8. **Tillaga til þingsályktunar dags. 29.10.2012**

Lögð fram tilkynningar

9. **Erindi frá Byggðarstofnun dags. 19.10.2012**

Fyrir fundin liggur erindi frá Byggðastofnun vegna hlutafjártilboð í eignarhlut þess í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga ehf., frá Artic Edge Consulting ehf. Um er að ræða 1,5% hlutafjár í félaginu að nafnvirði 159.280.- á genginu 0,62782521. Heildarkaupverð er því kr. 100.000.-

Byggðastofnun hefur samþykkt tilboðið og fer fram á að sveitarfélagið, f.h. hluthafa í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga falli frá forkaupsrétti að hlutafénu, sem hluthafar hafa samkvæmt 7. gr. samþykkt félagsins. Óskað er eftir svari.

Samþykkt samhljóða að nýta sér ekki forkaupsréttinn

10. Samningur vegna samrekstrar dags.01.11.2012

Um er að ræða drög að nýjum samrekstrar samning á milli Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps. Sveitarstjóri fór yfir að verið væri að vinna með hann sem síðan mun stjórn samrekstrar fara yfir hann í sameiningu og verður hann þá lagður fyrir sveitarstjórn til samþykktar eftir það .

11. Bréf frá Atvinnuvegar – og nýsköpunarráðuneytinu dags.19.10.2012

Fyrir sveitarstjórn liggur erindi frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti vegna umsóknar sveitarfélagsins um byggðakvóta fiskveiðiársins 2012/2013. Í bréfi ráðuneytisins er vísað til umsóknar sveitarfélagsins. Hefur ráðuneytið fjallað um umsóknina og er niðurstaðan að úthlutun byggðakvóta til sveitarfélagsins er eftirfarandi:

Þórshöfn- 123 þorskígildistonn

Bakkafjörður – 171 þorskígildistonn

“Í 10. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og reglugerðar nr. 629 frá 13. júlí 2012 um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og reglugerðar nr. 628 frá 13. júlí 2012, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2012/2013 er kveðið á um að það í fyrsta lagi hvaða skilyrði fiskiskip og útgerðir þeirra þurfa að uppfylla til að fá úthlutun, sbr. 1. gr. og í öðru lagi hvernig að úthlutun byggðakvóta til einstakra fiskiskipa skuli staðið, sbr. 4. og 6. gr. reglugerðarinnar.

Athygli bæjar- og sveitarstjórnar er vakin á breytingum í eftirtöldum greinum reglugerðar um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga:

Í lokamálsgrein 1. gr. reglugerðarinnar er sama viðmiðun um íbúafjölda og á síðasta ári og er miðað við byggðarlög með færri en 2000 íbúa, miðað við 1. desember 2011.

2. Í B og C lið 4. gr. reglugerðarinnar er úthlutaður byggðarkvóti hækkaður úr 66,132 og 197 þorskígildistonnum í 70,140 og 210 þorskígildistonn.

3. Í D lið 4. gr. reglugerðarinnar er nú ákvæði um að ekkert byggðarlag með færri en 400 íbúa skuli lækka um meira en 15 þorskígildistonn í úthlutun byggðakvóta milli fiskveiðiárána 2011/2012 og 2012/2013, eigi það á annað borð rétt til úthlutunar.

Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til bæjar- og sveitarstjórna að horfa til þeirra mögulegu verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta, þegar reglur um ráðstöfun byggðakvótans verða mótaðar og minnir á að megintilgangur byggðakvótans er að stuðla að aukinni atvinnusköpun í viðkomandi byggðarlagi og hafa í huga kosti dagróðrabáta í því skyni.

Vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstaka byggðarlaga skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 9. nóvember 2012. Tillögur sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til grein.,,

Sveitarstjóri hefur fengið þennan frest framlengdan.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar ákvað að boða til sameiginlegs kynningarfundar um þessi mál mánudagskvöldið 12. nóvember n.k

Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp

Fundi slitið kl 20:11